

VIÐAUKI

við þjónustusamning á grundvelli skipulagsskrár fyrir sjálfeignarstofnunina Fjölsmiðjan og samþykktum stjórnar hennar um fræðslu og verkþjálfun dags. 8. júní 2020

Hinn 8. júní 2020 gerðu framkvæmdastjórar sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu f.h. sinna sveitarfélaga (verkkaupar) og Fjölsmiðjan kt. 660601-2790 (verksali) með sér framangreindan samning. Í framhaldi af beiðni Fjölsmiðjunnar um frekari fjárframlög sem tekin var fyrir á 538. fundi stjórnar SSH hinn 4. apríl 2022, var ákveðið að gera svohljóðandi viðauka við samninginn:

1. gr.

Greiðslur frá verkkaupa

Við 5. gr. samningsins bætist svohljóðandi grein, 5.3:

Til viðbótar við árlegan þjónustustyrk samkvæmt gr. 5.2 greiða sveitarfélögin samtals 11.500.000 kr. (ellefumilljónirogfimmhundraðþúsund) árlega á árunum 2022, 2023, 2024. Skal fjárhæðin skiptast milli sveitarfélaganna í hlutfalli við íbúafjölda 1. desember næstliðins árs. Miðast fjárhæðin við verðlag 1. júní 2022 og tekur árlegum breytingum til samræmis við vísitölu neysluverðs. Þessi viðbótarstyrkur skal greiddast í janúar ár hvert vegna árána 2023 og 2024, en í júní vegna ársins 2022.

2. gr.

Gildistími samningsins

Við gr. 11.1 bætist svohljóðandi málsgrein, sbr. 2. mgr. 11.1:

Aðilar þessa samnings hafa komið sér saman um framlengingu hans og gildir samningurinn til og með 31. desember 2024.

Kópavogi, X.XX 2022

f.h. Reykjavíkurborgar

f.h. Kópavogsbæjar

f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar

f.h. Mosfellsbæjar

f.h. Garðabæjar

f.h. Seltjarnarnesbæjar